



SAG2A05 – Fornöld til nýaldar

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Þórunn María Örnólfsdóttir

Netfang/netföng:

thorunn.ornolfsdottir@borgo.is

Lýsing:

Mannkynssaga frá upphafi og fram á nýöld. Rakin er saga mannkyns í grófum dráttum með sérstakri áherslu á sögu Miðjarðarhafspjóða í fornöld og sögu Evrópu á miðöldum og á fyrri hluta nýaldar. Einnig verða skoðuð mismunandi trúarbrögð, hugmyndir eins og lýðræði, einveldi, vald, mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og fleira út frá lesefninu og kannað hvernig þessar hugmyndir birtast í sögunni og það borið saman við það sem við þekkjum í dag. Leitast verður við að skoða aðeins út fyrir kennslubók sögu jaðarhópa og sögu þeirra sem rata síður í kennslubækur.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- völdum þáttum úr sögu mannkyns frá upphafi til nýaldar
- algengum hugtökum um fyrribæri sögunnar þar sem sjálfsmynd einstaklinga og hópa mótast

af sögunni

- mikilvægi gagnrýninnar hugsunar
- tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- tengslum fortíðar og nútíðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfalda sagnfræðilega texta á íslensku
- tengja samtíðaratburði við það sem áður hefur gerst
- taka saman stutta umfjöllun um afmarkað sögulegt efni og kynna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja sjálfan sig í samhengi sögunnar sem þátttakandi og skoðandi
- geta sett sig í spor fólks á ýmsum tímum
- geta tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um sagnfræðileg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum.
- geta tjáð sig í ræðu og riti um efni áfangans.

Leitast verður við að flétta grunnþætti menntunar (jafnrétti, sköpun, heilsa og velferð, lýðræði, mannréttindi, læsi og sjálfbærni) inni áfangann.



Námsmat:

Verkefni 40% (4 - 10% hvert)

Ritgerð (10) og kynning (5): 15%

Hlutapróf 1 (skriflegt) 10%

Hlutapróf 2 (munnlegt) 10%

Tímaverkefni (hópavinna, krossgátur) 15%

Þátttaka og virkni (Þátttaka í umræðum, heimalestur og virkni í kennslustundum) 10%

Námsgögn:

Árni Hermannsson, Jón Ingvar Kjarran, Lýður Björnsson og Margrét Gunnarsdóttir. (2000). *Íslands- og mannkynssaga NB I, Frá upphafi til upplýsingar*. Reykjavík: Nýja bókafélagið.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Til þess að ná áfanganum þurfa nemendur að ljúka **ÖLLU** námsmati (taka þátt í prófum og skila öllum verkefnum).

Mikilvægt er að virða skiladaga á verkefnum!!



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	Kynning á áfanga	
2	11.-15. jan.	Upphaf siðmenningar: - landbúnaðarbylting, Súmerar o.fl. bls 12-22	Verkefni 1 10%
3	18.-22. jan.	- Egyptaland o.fl. bls. 23-34	
4	25.-29. jan.	- Grikkir til forna bls. 35-42	Verkefni 2 10%
5	1.-5. feb.	- Grikkir áfram bls. 42-54	
6	8.-12. feb.	- Rómaveldi bls. 55-69 - vörðuviðtöl	Skóhlífadagar
7	15.-19. feb.	- Rómaveldi bls. 69-80	Verkefni 3 10% Varða I
8	23.-26. feb.	- Ritgerð hvernig förum við að?	Vorhlé
9	1.-5. mars	Miðaldir: - Þjóðflutningaríki, Austurrómverska ríkið, Íslam bls. 82-90	
10	8.-12. mars	Daglegt líf: Lénsherrar, riddarar o.fl bls. 123-133	Hlutapróf 1 10%
11	15.-19. mars	Evrópa á síðmiðöldum: Hundrað ára stríðið, Rósastríðin, Svarti dauði bls.144-148 og 150-152	Verkefni 4 10%
12	22.-26. mars	Nýöld:- Endurreisn bls 162-172	Varða II
13	29.mars- 5. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-9. apríl	- Trúarbragðaátök og galdrar bls. 173- 186 – skil á ritgerð 11. apríl	Ritgerð 10%
15	12.-16. apríl	- Landafundir bls. 187 – 209 - Kynningar á ritgerðum	
16	19.-23. apríl	- Daglegt líf á nýöld bls. 210-224 – Kynningar á ritgerðum	Kynning 5%
17	26.-30. apríl	- Einveldi og upplýsingaöld bls 255- 265	
18	3.-7. maí	- Ameríska byltingin (frelsisstríð BNA) bls. 265-268 – Munnleg próf	
19	10.-14. maí	Munnleg próf	Hlutapróf 2 10% Kennslu lýkur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.